VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

SKOÐUN VIÐSKIPTARÁÐS 6. MARS 2008

UPPGJÖR Í ERLENDUM GJALDMIÐLUM

- EÐLILEG AFLEIÐING ALÞJÓÐAVÆÐINGAR

Aukin alþjóðavæðing íslensks hagkerfis hefur leitt til þess að stór hluti tekna og fjármögnunar margra fyrirtækja er í erlendum gjaldmiðlun. Af þessum sökum skapa gengissveiflur íslensku krónunnar mikinn kostnað og óvissu í rekstri viðkomandi fyrirtækja. Til að draga úr kostnaði hafa ýmis fyrirtæki leitað heimildar ársreikningaskrár til að færa uppgjör í erlendan gjaldmiðil. Mörg þeirra hafa þegar fengið þessa heimild en af einhverjum ástæðum lúta fjármálafyrirtæki ekki sömu lögmálum í þessu málefni.

... stór hluti tekna og fjármögnunar margra fyrirtækja er í erlendum gjaldmiðlum ...

Að mati Viðskiptaráðs eru uppgjör í erlendum gjaldmiðlum eðlilegur fylgifiskur alþjóðavæðingar, en Ísland er nú þátttakandi á markaði sem er margfalt stærri en hagkerfið í heild. Til að styrkja frekar stöðu íslenskra fyrirtækja og gera þau að fýsilegri valkosti fyrir erlenda fjárfesta er mikilvægt að fyrirtækjum verði gert kleift að færa uppgjör sitt í erlendum gjaldmiðli - án afskipta hins opinbera. Það væri óábyrgt að spyrna við fæti hvað uppgjör í erlendum gjaldmiðlum varðar og stuðla þannig að verra rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja í alþjóðlegum samanburði.

... mikilvægt að fyrirtækjum verði gert kleift að færa uppgjör sitt í erlendum gjaldmiðli - án afskipta hins opinbera ...

ÓSTÖÐUGLEIKI SKAPAR KOSTNAÐ

Sveiflur í gengi krónunnar skapa mikinn kostnað fyrir fyrirtæki með stóran hluta eigna í erlendum gjaldmiðli en eigið fé í íslenskum krónum. Í þessum tilfellum hafa fyrirtæki í raun einungis val á milli tveggja leiða. Annars vegar geta þau varið eigið fé sitt með kostnaðarsömum gengisvörnum og hins vegar geta þau sætt sig við örar breytingar á eiginfjárhlutföllum fyrirtækisins með þeim kostnaði og ógagnsæi sem því fylgir.

... sveiflur í gengi krónunnar skapa mikinn kostnað fyrir fyrirtæki með stóran hluta eigna í erlendum gjaldmiðli en eigin fé í krónum ...

Með því að heimila fyrirtækjum að færa bókhald og uppgjör í þeim gjaldmiðli sem er ráðandi í starfsemi þeirra er þeim gert kleift að draga úr óæskilegum gengisáhrifum á rekstrarafkomu og eiginfjárhlutfall. Ennfremur má gera ráð fyrir að slík breyting

... þeim gert kleift að draga úr óæskilegum gengisáhrifum á rekstrarafkomu og eiginfjárhlutfall ...

myndi auka bókhaldslegt gagnsæi fyrirtækja, sér í lagi gagnvart erlendum aðilum. Allt er þetta til þess fallið að auka áhuga fjárfesta á starfsemi viðkomandi félaga.

... umbreyting hefur að öðru leyti ekki áhrif á skráningu hlutafjár félagsins ...

Hafa ber í huga að þrátt fyrir að eigið fé félaga færist í erlendan gjaldmiðil þá hefur umbreytingin að öðru leyti ekki áhrif á skráningu hlutafjár félagsins, sem verður eftir sem áður skráð í krónum bæði í hlutafélagaskrá sem og í kauphöll. Því er um tvö aðskilin mál að ræða sem lúta mismunandi reglum, en eru þó nátengd. Til einföldunar verður hér aðeins fjallað um uppgjör í erlendum gjaldmiðlum.

SKRÁÐ FÉLÖG EIGA AÐ HLÝTA IFRS

... deilan snýst að meginstefnu um hvort íslenskum móðurfélögum sé skylt að framfylgja ákvæðum staðlana ...

Skiptar skoðanir um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IFRS) í reikningsskilum íslenskra fyrirtækja hafa verið áberandi í tengslum við reikningsskil innlendra fyrirtækja í erlendum gjaldmiðli. Deilan snýst að meginstefnu um hvort íslenskum móðurfélögum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði, sé skylt að framfylgja ákvæðum staðlanna um ákvörðun starfrækslugjaldmiðils (e. functional currency) eða ekki.

... hlutafélög sem hafa fengið verðbréf sín skráð á skipulegan verðbréfamarkað skylt að beita IFRS við gerð samstæðureiknings ...

Í VIII. kafla ársreikningslaga er kveðið á um skyldur og heimildir félaga til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Ákvæði kaflans komu til með innleiðingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1606/2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, sem tók gildi frá og með ársbyrjun 2005. Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. þessa kafla er hlutafélögum sem hafa fengið verðbréf sín skráð á skipulegan verðbréfamarkað innan EES, skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureiknings síns.

... félögum einnig skylt að beita stöðlunum við samningu eigin ársreiknings ...

Viðkomandi félögum er einnig skylt að beita stöðlunum við samningu eigin ársreiknings, skv. 2. mgr. 90. gr. Af þessu er ljóst að ef staðlarnir kveða á um að þessum félögum beri að nota annan starfrækslugjaldmiðil en krónu í uppgjörum sínum ber þeim að hlýta því, enda eru ákvæði staðlanna ekki valkvæð. Í 17. gr. staðals 21 (IAS 21), sem fjallar m.a. um starfsrækslugjaldmiðil félaga,segir að félög hafi ekki frjálst val um starfrækslugjaldmiðil heldur beri þeim að nota þann gjaldmiðil sem leiðir af reglum staðlana. Hvort staðlarnir eigi aðeins við um hvernig skuli umreikna reikningsskil erlendra dótturfélaga skiptir samkvæmt þessu ekki máli, enda er skylda skráðra móðurfélaga til að hlýta ákvæðum þeirra skýr.

... félög hafa ekki frjálst val um starfrækslugjaldmiðil ...

Af framangreindu er því ljóst að þau fyrirtæki sem ber að fylgja alþjóðlegum reikningsskilastöðlunum, skv. ársreikningalögum, verða að nota þann starfrækslugjaldmiðil sem leiðir af reglum staðals IAS 21.

... skráðum móðurfélögum með heimilisfesti hér á landi ber að beita stöðlunum við samningu samstæðureiknings síns sem og ársreiknings síns ...

Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins *Reikningsskil í erlendri mynt - umfjöllun og hugsanleg áhrif* telur FME það vera álitamál með hliðsjón af umfangi erlendrar starfsemi íslensku bankanna hvort þeir, notandi krónuna sem uppgjörsgjaldmiðil, uppfylli umrædd ákvæði ársreikningslaga. Að mati ráðsins eru ákvæði laganna skýr hvað þetta varðar. Samkvæmt þeim ber skráðum móðurfélögum með heimilisfesti hér á landi að beita alþjóðlegum reikningskilastöðlum við samningu samstæðureiknings síns - sem og ársreiknings síns.

RÉTTARÓVISSA ÁRSREIKNINGALAGA

... ársreikningaskrá veitir fyrirtækjum heimild til að færa bókhald og semja og birta ársreikninga sína í erlendum gjaldmiðli ...

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. ársreikningalaga, (sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 101/2007), veitir ársreikningaskrá fyrirtækjum heimild til að færa bókhald og að semja og birta ársreikninga sína í þeim erlenda gjaldmiðli sem telst vera starfrækslugjaldmiðill félagsins. Til að geta sótt um þá heimild verða fyrirtækin að uppfylla eitt eða fleiri tilsettra skilyrða. Skilyrði þessi eru almenns eðlis og eiga því við um öll fyrirtæki sem ber að semja ársreikninga sína skv. ársreikningalögum.

... ákvæði laganna ganga því í berhögg við hvort annað ...

Eins og fjallað var um hér að ofan þá ber skráðum félögum að fylgja alþjóðlegum reikningsskilastöðlum í uppgjörum sínum. Þrátt fyrir þetta ber þeim skylda til að sækja um heimild hjá ársreikningaskrá ætli þau sér að gera upp í erlendum gjaldmiðli. Þessi ákvæði laganna ganga því í berhögg við hvort annað.

... má draga í efa hvort skráðum félögum beri skylda til að sækja um heimild ársreikningaskrár ...

Með þetta í huga má draga í efa hvort skráðum félögum beri skylda til að sækja um heimild ársreikningaskrár til uppgjörs í erlendum gjaldmiðli. Réttaróvissa sem þessi er bagaleg fyrir íslensk fyrirtæki og hefur neikvæð áhrif á alþjóðlega samkeppnishæfni þeirra og trúverðugleika íslenska markaðarins. Því leggur Viðskiptaráð til að löggjafinn breyti áðurnefndri 8. gr. ársreikningalaga þannig að fyrirtækjum sem er skylt að fylgja alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, skv. VIII. kafla laganna, geti gert svo án fyrirfram gefnar heimildar ársreikningaskrár.

FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI ÚTI Í KULDANUM

... augljóst að neikvæð umsögn frá Seðlabankanum hefur afgerandi áhrif á ákvörðun ársreikningaskrár ...

Samkvæmt reglugerð nr. 101/2007 skal ársreikningaskrá leita umsagnar Seðlabankans um umsókn lánastofnunar um heimild til færslu bókhalds og samningar ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Þrátt fyrir að slík umsögn sé ekki bindandi fyrir ársreikningaskrá er augljóst að neikvæð umsögn hefur afgerandi áhrif á ákvörðun hennar. Þessi áhrif Seðlabankans komu fram með skýrum hætti í nýlegri ákvörðun ársreikningaskrár að hafna umsókn Kaupþings um uppgjör í evrum.

Umsögnin gefur til kynna mjög einarða afstöðu Seðlabankans

gegn uppgjöri innlendra fjármálafyrirtækja í erlendri mynt. Í umsögninni segir m.a. "Seðlabankinn er mótfallinn því að innlend fjármálafyrirtæki taki alfarið upp erlendan gjaldmiðil í reikningshaldi sínu. Stefni fjármálafyrirtæki jafnframt að því að ákveða hlutafé sitt í erlendum gjaldmiðli og draga úr viðskiptum sínum með innlendan gjaldmiðil telur Seðlabankinn fulla ástæðu til að staldra við og gaumgæfa afleiðingar þessa fyrir peningakerfi þjóðarinnar." Þessu til viðbótar telur Seðlabankinn að takmarka ætti heimild til skráningar hlutabréfa í erlendan gjaldmiðil við þau félög sem hafa þegar fengið heimild til að færa uppgjör þeim gjaldmiðli. Af þessu er ljóst að Seðlabankinn vill hvorki að íslensk fjármálafyrirtæki færi uppgjör sín né skrái hlutabréf sín erlendum gjaldmiðli.

... Seðlabankinn vill hvorki að íslensk fjármálafyrirtæki færi uppgjör sín né skrái hlutabréf sín í erlendum gjaldmiðlum ...

Afstaða Seðlabankans, eins og hún birtist í umsögninni, virðist fremur byggja á andstöðu gagnvart frekari alþjóðavæðingu og afnámi hafta á íslensku viðskiptalífi en neikvæðum áhrifum af uppgjöri fjármálafyrirtækja á peningastefnu bankans. Umsögnin fjallar að mestu um ástæður þess af hverju Kaupþing uppfylli ekki skilyrði alþjóðlegra reikningsskilastaðla um evru sem uppgjörsgjaldmiðil (sem ætla mætti að væri í verkahring ársreikningaskrár að meta), en lítið sem ekkert minnst á neikvæðar afleiðingar slíks uppgjörs fjármálafyrirtækja á peningastefnu Seðlabankans. Það kemur ekki á óvart, enda líklegt að uppgjör fjármálafyrirtækja í erlendum gjaldmiðli væri fremur til þess fallið að styrkja peningastefnuna en veikja.

... líklegt að uppgjör fjármálafyrirtækja í erlendum gjaldmiðli væri fremur til þess fallið að styrkja peningastefnuna en veikja ...

ÁHRIF Á PENINGASTEFNUNA

Undanfarin ár hefur efnahagsreikningur bankakerfisins stækkað ört og þá sérstaklega erlendis. Líklegt má telja að alþjóðavæðingin hafi gert þeim kleift að sniðganga aðhald frá peningastefnunni að einhverju leyti á undanförnum árum. Í ljósi þess að bankakerfið gegnir stærsta hlutverkinu í miðlun peningastefnunnar, í gegnum miðlun lánsfjár til heimila og fyrirtækja á Íslandi, gerir slík þróun Seðlabankanum erfiðara um vik.

... bankakerfið gegnir stærsta hlutverkinu í miðlun peningastefnunnar ...

Stærsti áhrifavaldur í því samhengi hefur verið samband eiginfjárhlutfalls bankanna og gengis krónunnar. Bönkum er skylt að halda lágmarkseiginfjárhlutfall sem takmarkar þannig útlánaþol þeirra. Þar sem meirihluti eigna og skulda íslenska bankakerfisins eru í erlendri mynt og eigið fé í íslenskum krónum hafa gengishreyfingar á krónunni bein áhrif á eiginfjárhlutföll bankanna. Gengisstyrking dregur þannig úr virði erlendra eigna og skulda í efnahagsreikningi og örvar eiginfjárhlutfallið sem er reiknað út í krónum. Þetta leiðir til þess að útlánasvigrúm bankanna eykst ef eiginfjárstaða þeirra er ekki varin með erlendum gjaldeyri. Veiking krónunnar hefur svo öfug áhrif.

... bönkum er skylt að halda lágmarkseiginfjárhlutfall sem takmarkar þannig útlánaþol þeirra ...

... má leiða að því líkur að stýrivaxtahækkanir síðustu ára hafi aukið umsvif bankakerfisins í stað þess að draga úr þeim ...

Þar sem sterkari króna er fylgifiskur aðhaldsamrar peningastefnu má leiða að því líkur að stýrivaxtahækkun síðustu ára hafi aukið umsvif bankakerfisins í stað þess að draga úr þeim. Á síðustu árum hafa bankarnir komið í veg fyrir sveiflur í eiginfjárhlutföllum með jákvæðum gjaldeyrisjöfnuði. Þetta fyrirkomulag hefur reynst þeim kostnaðarsamt.

... Seðlabankinn tekur undir þá röksemdafærslu að vegna samspils eiginfjárreglna og peningastefnunnar geti uppgjör í erlendum gjaldmiðlum styrkt miðlun peningastefnunnar um útlánafarveg miðlunarferilsins...

Það er sérkennilegt að viðmót Seðlabanka Íslands gagnvart skráningu í erlendri mynt skuli vera eins neikvætt og raun ber vitni. Þannig var birtur viðauki um hugsanleg áhrif þess að fjármálafyrirtæki geri upp í erlendum gjaldmiðli á peningastefnu bankans í fyrstu útgáfu Peningamála árið 2007. Niðurstaða viðaukans er á þá leið að ekki virðist líklegt að ákvörðun fjármálafyrirtækja að færa uppgjör sitt í erlendum gjaldmiðli ein og sér dragi úr virkni peningastefnunnar. Þannig velti miðlunin mun frekar á því hvort krónan verði áfram fýsilegur kostur í lánaviðskiptum. Bankinn tekur enn fremur í viðaukanum undir þá röksemdafærslu að vegna samspils eiginfjárreglna og peningastefnunnar geti uppgjör í erlendum gjaldmiðlum styrkt miðlun peningastefnunnar um útlánafarveg miðlunarferilsins.

... engar haldbærar ástæður fyrir því að reisa skorður fyrir uppgjöri fjármálafyrirtækja í erlendum gjaldmiðlum ...

Að mati ráðsins eru því engar haldbærar ástæður fyrir því að reisa skorður fyrir uppgjöri fjármálafyrirtækja í erlendum gjaldmiðli og því ættu stjórnvöld að afnema þær og greiða götu allra fyrirtækja sem telja hag sínum betur borgið með því að gera upp í öðrum gjaldmiðli en íslensku krónunni.

ÞÖRF Á GAGNGERUM BREYTINGUM

... þær takmarkanir sem íslensk fyrirtæki búa nú við gera þeim erfiðara um vik í alþjóðlegri samkeppni um fjármagn ...

Til að eyða núverandi réttaróvissu er þarft að breyta lögum um ársreikninga á þann hátt að þeim fyrirtækjum sem ber að fylgja alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, fjármálafyrirtæki sem og önnur, verði ekki gert að sækja um heimild til ársreikningaskrár. Þær takmarkanir sem íslensk fyrirtæki búa nú við gera þeim erfiðara um vik í alþjóðlegri samkeppni um fjármagn og eru þær ekki í samræmi við markmið umræddrar tilskipunar Evrópusambandsins, sem er m.a. að stuðla að skilvirkum og kostnaðarhagkvæmum fjármagnsmarkaði, stuðla að frjálsum fjármagnsflutningum og því að félög í bandalaginu (og EES ríkjum) standi jafnt að vígi í samkeppni að því er varðar fjármagn á bandalags- sem og alþjóðafjármagnsmörkuðum.

... Viðskiptaráð dregur í efa skynsemi þess fyrirkomulags að veita Seðlabankanum áðurnefndan umsagnarrétt ...

Í ljósi afstöðu Seðlabankans gagnvart uppgjöri fjármálafyrirtækja í erlendum gjaldmiðli dregur Viðskiptaráð í efa skynsemi þess fyrirkomulags að veita bankanum áðurnefndan umsagnarrétt. Það ætti að vera meginregla að einungis sé leitað eftir umsögnum opinberra stofnanna þegar sá gjörningur sem fylgir heimildinni hefur áhrif á starfsemi umræddrar stofnunar, lögbundið hlutverk hennar eða ábyrgð. Þetta á vissulega við í þessu tilfelli en

umsagnarferlið ætti ekki að fela í sér skoðanaskipti um almennt ágæti gjörningsins eða önnur atriði sem ekki varða viðkomandi stofnun, heldur ætti einungis að vera í því fólgið ítarlega rökstutt álit um framangreind áhrif.

... fjármálaráðherra skipaði árið 2000 nefnd til að endurskoða lög um ársreikninga ...

Árið 2000 skipaði fjármálaráðherra nefnd til að endurskoða lög um ársreikninga og bókhald. Nefndinni var m.a. falið að meta möguleika á færslu bókhalds og samningu ársreikninga í erlendum gjaldmiðli og setti nefndin fram neðangreind rök fyrir slíkri heimild:

1) Fjárhagslegur samanburður við erlenda samkeppnisaðila verður auðveldari.

... sveiflur í afkomu félagsins vegna gengisbreytinga verða minni ...

2) Sveiflur í afkomi félagsins vegna gengisbreytinga verður minni.

3) Aðgengi erlendra fjárfesta og lánastofnana að viðurkenndum upplýsingum batnar til muna.

4) Auðveldara verður fyrir erlendar fyrirtækjasamstæður að stofna og reka dótturfélög á Íslandi.

5) Auðveldara verður fyrir íslensk móðurfélög að stofna og reka dótturfélög erlendis.

... afar mikilvægt að regluverk á þessu sviði einkennist ekki af boðum og bönnum, heldur sé opið, almennt og skilvirkt ...

Upptalning þessi sýnir svart á hvítu þann ávinning sem íslensk fyrirtæki hefðu af umbreytingu uppgjörs í starfsrækslugjaldmiðill sinn. Þetta á ekki síður við um fjármálafyrirtæki en önnur íslensk fyrirtæki. Það er því afar mikilvægt að regluverk á þessu sviði einkennist ekki af boðum og bönnum, heldur sé opið, almennt og skilvirkt.

Nánari upplýsingar veita Frosti Ólafsson hagfræðingur Viðskiptaráðs og Haraldur I. Birgisson lögfræðingur Viðskiptaráðs í síma 510 7100.